



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1025*  
*komudagur 3.2.2014*

Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

3. febrúar 2014

**Umsögn um frv. til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar (forræði rafmagnsöryggismála), 213. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að sá hluti af markaðseftirliti raffanga sem nú er undir eftirliti og forræði Neytendastofu verði færður til Mannvirkjastofnunar þannig að forræði rafmagnsöryggismála verði hjá einni stofnun.

Í greinargerð með frumvarpinu er m.a. bent á að aðskilnaður eftirlits með rafföngum eftir því hvort þau eru varanlega tengd mannvirkjum eða ekki á sér enga hliðstæðu í öðrum löndum. Með samþykkt frumvarpsins yrðu öll rafmagnsöryggismál á einni hendi sem m.a. hefði í för með sér einfaldari og skilvirkari stjórnsýslu.

Samorka hefur áður lýst stuðningi við slíka breytingu (mars 2009, við 420. mál þess þings) og ítreka samtökin hér stuðning sinn við að þessi breyting verði gerð.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
framkvæmdastjóri